

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

35. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 11. júlí 2019 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Erindi félagsmanns um hvort meta beri starfsreynslu við háskóla til stjórnunarreynslu í grunnskóla.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að stjórnunarreynsla við háskóla sé metin til stjórnunarreynslu í grunnskóla. Skilyrði fyrir mati á stjórnunarstarfi við háskóla í grunnskóla er að í starfinu hafi falist fagleg forysta, vinna við stefnumótun, nýsköpunar- og þróunarverkefni ásamt almennri umsýslu á sviði fjármála, áætlunargerðar og mannauðsmála.

Með sama hætti og verkefnisstjórn í grunnskóla og deildarstjórn í leikskóla er ekki metin til stjórnunarreynslu við grunn- og leikskóla er verkefnisstjórn í háskóla ekki metin til stjórnunarreynslu við grunnskóla.

Störf félagsmannsins sem forstöðumaður og sem starfsþróunarstjóri eru metin til stjórnunarreynslu í grunnskóla eða samtals 5 ár.

Fundi slitið klukkan 13:20.